

Magnús Þorkell Bernharðsson

Fyrirlestur á vegum Stofnun Sigurbjarnar Einarssonar

Skálholti 16/7/2011

### Er guðfræðileg gagnrýni gagnleg?

Ég ætla að byrja þennan fyrirlestur á dansi og hvað gæti verið einn áhrifamesti “ekki séns” sögunnar. Í meþóðista kirkjunni í háskólabænum Greely í norðurhluta Colorado í Bandaríkjunum fór fram kvöldvaka á vegum kirkjunnar í nóvember 1949. Þessi samkoma átti sér stað eftir kvöldmessu og átti að höfða til yngri kynslóðarinnar. Einn gestur á þessari samkomu fylgdist mjög vel með því sem fór fram. Hann lýsir því hvernig salurinn “var tendraður með rauðum, bláum, og hvítum ljósum. Gólfíð tifaði fram og til baka undir hoppandi og tælandi leggjum. Þarna voru nánin faðmlög og kossafans. Þetta var ástríðufull samkoma.” Og þessi maður heldur áfram lýsingunni og segir frá því hvernig sjálfur presturinn lækkaði ljósin enn frekar til að skapa enn rómantískari stemningu. Presturinn setti á fóninn nýlegt lag “*Baby It’s Cold Outside*” sem var helsta lagið í stórmynd ársins *Dóttir Neptúns*. Þessi dúet lýsir tilraun karlmanns að sannfæra konu að eyða nóttinni með sér í stað þess að fara heim, enda sé kalt úti “*Baby It’s Cold Outside*”. Og þegar lagið dundi kom ung, kurteis bandarísk kona upp að gestinum og bauð honum í dans. Gesturinn átti ekki til aukatekið orð. Hér var ókunnug kona að gera sig líklegan við hann. Átti hann virkilega að

stíga dans með þessari konu við þetta lag í húsi Drottins? Var ekkert heilagt lengur í Bandaríkjunum? Að hans mati var búið að snúa siðgæðinu á hvolf og djöfulinn sjálfur lék lausum hala í bandarísku samfélagi. Það kom sko ekki til greina að verða við þessari freistingu og hann strunsaði út úr kirkjunni beint út í vetrarkuldann í Colorado.

Sá sem hafnaði þessum dans var enginn annar en Egyptinn Sayyid Qutb, einn helsti hugmyndafræðingur Bræðralag Múslima í Egyptalandi og oft kallaður “guðfaðir” al-qaeda samtakanna sem hafði sérstaklega mikil áhrif á núverandi leiðtoga samtakanna, Ayman al-Zawahari.<sup>1</sup> Qutb var á sérstökum tveggja ára styrk frá ríkisstjórn Egyptalands og átti að kynna sér skólastarf og menntamál í Bandaríkjunum fljótlega eftir heimstýrjöldina síðari í þeirri von að hann gæti lært ýmislegt af Bandaríkjamönnum og innleitt í egypskt samfélag.

En þetta var ekki ferð til fjár fyrir egypsku ríkisstjórnina. Qutb varð fyrir mjög neikvæðri reynslu í Bandaríkjunum, ekki bara þarna á kvöldvökunni í Greeley Colorado, heldur á hinum ýmsum stöðum út um öll Bandaríkin og kom aftur til Egyptalands staðráðin í því að Egyptar ættu ekki að tileinka sér bandaríska siði og venjur. Hann skrifaði ferðasögu sína í egypskum blöðum þar

---

<sup>1</sup> All margir fræðimenn hafa rannsakað Bræðralag múslima í Egyptalandi og beitt ólíkum aðferðum. Robert Mitchell innti af hendi mikið brautryðjendastarf og bókin hans er ennþá grundvallarrit sem kom út 1969 og nefnist *The Society of the Muslim Brothers* (New York: Oxford University Press 1969). Carrie Wickham notar aðferðarfræði stjórnmalafraeðinnar og skoðar stofnanauppbyggingu samtakanna í bók hennar *Mobilizing Islam : Religion, Activism, And Political Change In Egypt* (New York: Columbia University Press, 2002) Sjá einnig nýlega bók Mohammad Zahid *The Muslim Brotherhood and Egypt's succession crisis : the politics of liberalisation and reform in the Middle East* (London: IB Tauris, 2010) en Zahid skoðar bræðralagið út frá hinu pólitíska landslagi í Egyptlandi. Atburðirnir vorið 2011 hafa gert bókina hans svolítið úrelta en hún er nú góð söguleg heimild.

sem lýsir því yfir að Bandaríkin sé menningarsnautt land þar sem kynþáttafordómar raða ríkjum, veraldarhyggjan sé allsráðandi og einstaklingsfreslið komið út í þvílíka öfga að það væri ekki lengur til neitt samfélag í Bandaríkjunum. Þess í stað eru Bandaríkin samansafn af einstaklingum sem hafa engan siðferðislegan grunn, neytenda og nautnahyggjan tröllríður öllu og já konur bjóða menn upp í dans.

Stuttu seinna eftir að hann kom heim hóf hann að rita *Fi zilal al-quran* (Í skugga kóransins) og *Ma'alim fi al-tariq* (Leiðarljós) þar sem hann fjallar um nauðsyn þess að endurskipuleggja samfélagið á nýjan hátt og koma á fót nýjum stofnunum og nýjum lögum til að betur tryggja það að trúin, íslamskt siðgæði og Kóranin yrðu miðlæg í egypsku samfélagi svo að Egyptaland fari ekki niður sömu braut og hann sá í Bandaríkjunum. Þessi verk eru ein áhrifamestu verk íslamista, þ.e. þeirra múslima sem vilja koma á gagngerum breytingum á þjóðfélaginu með innleiðingu sjaría laganna.<sup>2</sup> Auk þess að vera upptekinn við skriftir, skellti hann sér enn frekar í starf bræðralag múslima sem voru þá tiltölulega ný samtök í Egyptalandi. Dvölin í Bandaríkjunum markaði því þáttaskil í lífi hans og mótaði viðhorf hans til tengsl trúarbragða og stjórn mála.

---

<sup>2</sup> Það hefur verið heilmikið fjallað um hugmyndafræði íslamista sl. 15 ár. Þetta eru bestu verkin að mínu mati: Roxanne Euben, *Enemy in the Mirror. Islamic Fundamentalism and the Limits of Modern Rationalism* (Princeton: Princeton University Press, 1999) og Peter Mandaville, *Global Political Islam* (London: Routledge, 2007), Salwa Ismail *Rethinking Islamist Politics* (London: IB Taurus, 2003) og Ray Baker *Islam Without Fear. Egypt and the New Islamists* (Cambridge: Harvard University Press, 2003).

Í þessum fyrirlestri langar mig að skoða guðfræðilegar hugmyndir Sayyid Qutb með sérstöku tilliti til viðhorfa hans til réttlætis og hvernig eigi að innleiða réttlátt samfélag. Í því sambandi, vil ég velta fyrir mér tengsl trúfrelsis og umburðarlyndis og að hversu miklu leyti guðfræðingar og aðrir fræðimenn eiga og geta bregðast við svipuðum hugmyndum og þær sem Qutb hafði á lofti. Eiga hugmyndir Qutb, í nafni trúfrelsis, fullan rétt á sér? Eigum við ekki að sýna umburðarlyndi gagnvart öllum trúarhugmyndum jafnvel og sérstaklega þeim sem við erum ekki sammála? Hver eru mörk umburðarlyndis í nútímanum og þá sérstaklega í garð róttækra hreyfinga? Þetta er sannarlega erfið og ögrandi spurning. Að hversu miklu leyti hefur pólitísk rétthugsun, þ.e. “political correctness” og umræðan um fjölmenningsamfélagið villt fyrir okkur sýn? Ef við veitum verðuga gagnrýni á hugmyndir sem koma úr öðrum trúarhefðum eða úr öðrum menningarsvæðum gengur það á skjön við áherslur okkar á virðingu fyrir náunganum og að viðhalda opið og frjálst samfélag þar sem allir og allar hugmyndir geta notið sín?

Það er einmitt í nafni umbyrðarlyndis og trúfrelsis að ég tel nauðsynlegt að spyrna við þessum hugmyndum á borð við þær sem Qutb hafði á lofti. Það eru margvíslegar ástæður fyrir því. Ein mikilvægasta ástæðan og sú sem er líklegust til árangurs er að túlkun Qutb á íslam stangast á við grundvallarviðmið trúarinnar og túlkunarsögu þess síðustu 1400 árin. Með því að skoða guðfræði Qutb sést berlega að þó svo að áætlunin hjá Qutb sé að framkvæma vilja Guðs í

Þessum heimi þá er hann að setja á hvolf hinn hefðbundna mannskilning Íslam og samband einstaklingsins við Guð. Í nafni trúarinnar ætlar hann að veita nokkrum einstaklingum ofurvald – þeir verða nánast ofurmenni (í anda ofurhetju Nietzsches) – sem eiga að vera í því hlutverki að dæma aðra menn og meta hreinleika hjarta þeirra. Þessir aðilar eiga að vera færir um að meta hver sé trúaður og hver sé trúlaus. En Kóraninn og öll hefðin leggur ríka áherslu á það að það sé einungis í verkahring Dómarans, þ.e. Guðs. Hugmyndir Qutb eru því andstæðar trúnni og vinna beinlínis gegn trúnni.

Vissulega er mjög auðvelt að benda á annmarka íslamista. Eins og við vitum öll vilja þeir gjarnan beita ofbeldi og veigra sér ekki við því að stunda hryðjuverkastarfsemi til að ná fram áætlunum sínum. Vitaskuld er hægt að vera á móti því. En hvað með hugmyndafræðina og guðfræði þessara samtaka? Er hægt að vera á móti henni? Hvernig ímynda þessi samtök samband manns og guðs? Er eitthvað fallett og gott þar sem við getum dregið einhvern lærdóm af? Eins og ég mun sýna fram á eru guðfræðilegar forsendur þessa samtaka vafasamar og algjör úrkynjun á helstu trúarhugmyndum íslam. Með því að skoða guðfræðina og hversu mótsagnarkennd og mannskemmandi hún er hægt að sjá hversu ofbeldisverk samtakanna eru bein afleiðing af guðfræði þeirra.

Guðfræðileg gagnrýni mín á hugmyndafræði íslamista er undir miklu áhrifum af verkum Sigurbjarnar Einarssonar ekki síst bók hans *Kirkja Krists í Ríki Hitlers* þar sem fjallaði á mjög gagnrýninn hátt um samband þriðja ríkisins við

kristnidóminn og þá hættu sem stafaði af nasismanum. Áður en ég held áfram vil ég taka það fram að ég sækji í þessa bók ekki vegna þess að ég lít á Bræðralag múslima eða al-qaeda samtökin sem aðra útgáfu eða svipað fyrirbæri og nasisminn. Ég lít ekki á þessu samtök sem “islamófasisma” enda er það hugtak mjög móðgandi fyrir Múslima og gerir ekkert gagn fyrir umræðuna. Nasisminn var allt annars eðlis og hættan sem stafaði að þriðja ríkinu var miklu meiri.<sup>3</sup>

Auðæfin og valdataekin sem þjóðverjar höfðu til umráða var með allt öðrum toga en það sem við stöndum frammi fyrir nú hvað varðar bræðralagið og al-qaeda. Hinsvegar tel ég að við verðum að vera ábyrg og svara þessu kalli og vera tilbúinn að meta þessa hugmyndafræði sem kemur frá Mið-Austurlöndum. Hún er metnaðargjörn og er altæk og þess vegna verðum við að fylgjast vel með þessari þróun. En ábyrgðin snýst líka um það að við erum ábyrg og nákvæm í umfjöllun okkar þannig að við málum ekki á strigann með of víðum penslum. Í þessu sambandi ber að forðast alháringar og vera viss um að þó svo að við séum að fjalla um ákveðna túlkun á Íslam þýðir það ekki að allir múslimar séu tengdir þessari hugmyndafræði eða að þetta sé eðlislægt í trúnni. Við verðum að gera skýran greinarmun þar á. Þetta er nauðsynlegt bæði til að skilja betur um hvers konar fyrirbæri er að ræða svo að við betur undirbúið okkur en á sama tíma halda vörð um opið og umburðarlynt samfélag. Það er einmitt í nafni

---

<sup>3</sup> Mjög góð umræða um þessa samlíkingu má finna til dæmis bók L. Carl Brown, *Religion and State. The Muslim Approach to Politics* (New York: Columbia University Press, 2000).

umburðarlyndis sem mig langar að færa fram þessa gagnrýni. Umburðarlynt og opið samfélagið á ekki að vera gagnrýnislaust samfélag.

Áður en ég fer út í guðfræði Qutb langar mig aðeins að taka svolitla krókaleið og fjalla lítillega um bók Sigurbjarnar Einarssonar *Kirkja Krists í Ríki Hitlers*. Það er fyrst og fremst þrennt sem mig langar að leggja áherslu á hér og hvernig rit hans tengist umræðu minni um Qutb. Í fyrstu sýndi Sigurbjörn kjark að taka á umdeildu pólitísku máli á mjög viðkvæmu og tvísýnu augnabliki. Hann taldi greinilega að guðfræðileg gagnrýni væri bæði nauðsynleg og gagnleg og að guðfræðingar ættu að taka þátt í þjóðmálaumræðunni. Í öðru lagi þá skipti það máli hvernig hann fór að því að gagnrýna. Gagnrýni hans er byggð á ítarlegum rannsóknum og röksemdarfærslan er því eftir því. Hann var búinn að kynna sér vel skrif helstu hugmyndafræðinga nasismans og fylgdist mjög vel með umræðunni og þróuninni í Þýskalandi. Í þriðja lagi nýtti hann sér hefðina, þ.e. hinn lúterska túlkun á kristnidóminum, til að gagnrýna nasismann sem er að einhverju, þó ekki að öllu leyti, spruttin úr lútersku og kaþólsku menningarumhverfi. Þ.e.a.s. hann beitir hugmyndum kristnidómsins til að sporna við árasum á kristnidóminn. Það var nóg til í andlegu vopnabúri kristnidómsins til að verjast þessari ógn til að sýna hversu á skjön nasisminn var við mannskilning og guðfræði kristidómsins. Sigurbjörn beitti þessum vopnum listavel.

*Kirkja Krists í Ríki Hitlers* var fyrsta bók Sigurbjarnar en hún kom út árið 1940 eða stuttu eftir að snéri heim úr námi. Sigurbjörn var við nám í trúarbragðafræði í Uppsala í Svíþjóð á árunum 1935-7 og kynntist þar þjóðverjum sem voru uppteknir af hugmyndafræði nasismans. Hann sagði mér að hann ræddi við þá allnokkrum sinnum og kynntist því persónulega hvernig nasisminn var að ná tökum á þýskum menntamönnum. Sænskir kollegar hans höfðu ferðast til Þýskalands og komu til baka með nýjustu greinar og bækur þaðan. Þegar Sigurbjörn fluttist til Íslands (árið 1937) og varð sóknarprestur í afskekktu prestakalli (Breiðabólsstaður í vesturlandsprófastdæmi) var hann þegar orðin meðvitaður um hræringarnar í vestur Evrópu. Meðfram fullu starfi sem sóknarprestur og sem fjögurra barna faðir gaf hann út þessa bók 29 ára gamall.

Þessi bók er einkar athyglisverð og mjög kjarkmikil. Hún var umdeild hérna á Íslandi og féll ekki í kramið hjá mörgum ekki síst íslenskum sósalistum enda var gríðasáttmáli Hitlers og Stalíns enn í fullu gildi. Hún kom út í byrjun stríðs þegar staðan var frekar tvísýn. Þessi óvissa í heimsmálunum kemur berlega fram í upphafssetningum bókarinnar:

*“Ver lifum á örlogatímum. Landamæri eru færð til, valdahlutföllum er umbreytt, hið gamla andlit Vesturálfunnar era ð breyta um svip, e.t.v. aðeins í bili, e.t.v. svo, að það verður aldrei samt eftir.” (bls.5)*

Sigurbjörn sýnir fram á að valdataka nasista hafi leitt af sér pólitísk tíðindi sem öllum eru kunn en jafnframt að nasisminn sé “líklegur til að valda ennþá



örlagaríkari aldahvörfum í andlegum efnunum, ef honum verður lífs auðið og framtíðar” (bls. 6)

Sigurbjörn stillir nasismanum upp sem trúarbrögð vegna þess að ríki þess “er alveldi í ýtrustu merkingu, kröfur þess til yfirráða eru altækar, þar er ekkert undanþegið, ekki sannfæringin, ekki trúin, ekki sálin sjálf” (bls. 7)

Það er hér í þessu sambandi þar sem Sigurbjörn segir að ríkishugsjón nasismans sé í andstöðu við kristnidóminn. Ríkið getur ekki verið réttlætið sjálft heldur einungis “verkfæri Guðs, ekki Guð sjálfur.” Þar af leiðandi metur hann nasismann ekki sem pólitíska hreyfingu sem gæti rúmað kristnidóminn heldur sem trúarbrögð sem er í andstöðu við kristnidóminn (og vitaskuld önnur trúarbrögð einnig.) Sigurbjörn vitnar í *Mein Kampf* þar sem Hitler segir að grunnurinn að endurreisn þýsku þjóðarinnar tengist ekki bara vopnum heldur að “skapa þann anda sem gerir þjóðina hæfa til að þess að bera vopn.” (bls. 15)

Bók Sigurbjörns er mjög vel uppbyggð og er sannfærandi. Stór hluti hennar er eins konar skýrsla um þróun mála í Þýskalnadi og er sögulegs eðlis, þ.e. hann rekur sögu samskipta þýsku kirkjunnar við þetta nýja vald og aðferðir þriðja ríkisins að veikja stoðir kirkjunnar. Þetta er fyrst og fremst sögulegt rit frekar er guðfræðileg útlekking. Hann byrjar á því að rekja trúarsetningar og kynþáttakenningar nasismans út frá *Mein Kampf* Hitlers og bók Alfred Rosenbergs “*Der Mythos des 20. Jahrhunderts*”, en Rosenberg var einn leiðtogi nasista í trúarlegum efnunum. Sigurbjörn fjallar svo nokkuð um átök innan þýsku

kirkjunnar og hvernig nasistar náðu smám saman að sösla kirkjuna undir sig, sérstaklega með því að vinna sig innan virkja kirkjunnar (Þýsk-kristna trúarhreyfing) og hvernig kirkjan streittist við að vera sjálfstæð stofnun. Það er mikilvægt í þessu sambandi að það ríkti ekki einhugur meðal þjóðverja um nasismann og bók Sigurbjörns sýnir það vel. Hann rekur hvernig þessi baráttu var háð á synódum þar sem meðal annars var rætt um “aríu greinina”, þ.e. að enginn skyldi fá kirkjulegt embætti sem ekki væri “arískur” að ætterni. (bls. 66) og hvernig ýmsir kirkjunnar menn voru handteknir og ófsóttir (bls. 116-117). Sigurbjörn lýsir hetjulega baráttu kristinna söfnuða í Þýskalandi og vitnar í Albert Einstein sem sagði að þýsku kirkjan var eina stofnunin, þ.e. ekki menntamennirnir, ekki háskólarnir, sem hafði kjark og þor til að reyna stemma stigu við uppgang þriðja ríkisins (bls. 164). Það er greinilegt að Sigurbjörn fylltist andagift af baráttu þýsku kirkjunnar sem hefur væntanlega gefið honum kjark til að stíga fram með þessa gagnrýni á Þriðja ríkið á mjög viðkvæmum tímamarki. Hann endar svo bókina með því að undirstrika það að bók hans var ekki “áróður gegn hinni þýsku þjóð... sem vér Íslendingar höfum haft fulla ástæðu til að dá og virða. Nazisminn er hennar ógæfa en ekki sök.” (bls. 168)

Þó að aðstæður eru nú allt aðrar en árið 1940 og óvissan minni er staðan þó að því leytinu lík að síðastu 10 ár höfum við verið vitni að hinu svokallaða “stríði gegn hryðjuverkum” þar sem baráttan hefur verið gegn þeim sem

aðhyllast hugmyndafræði íslamista. Þessi barátta, þetta stríð, hefur sett afgerandi mark á fyrsta áratug 21. aldar.

Snúum okkur því að Sayyid Qutb, helsta hugmyndafræðing íslamista, sá sem neitaði dansinum í Greely Colorado. Qutb fæddist árið 1906 eða fimm árum á undan Sigurbirni og var tekin af lífi af ríkisstjórn Gamal Abdel Nasser árið 1966.<sup>4</sup> Vegna þessa er hann álitinn píslarvottur af fylgismönnum hans.

Hann ólst upp í litlu þorpi í Asyut héraðinu en fluttist svo til Kairo og fór í kennaranám. Að lokinni útskrift gerðist hann embættismaður í egypska menntamálaráðuneytinu. Í fyrstu var hann ekki neitt sérstaklega upptekinn af Íslam og elstu verk hans eru veraldleg. Hann varð því róttækari eftir því sem hann varð eldri. Eins og ég greindi frá áðan átti sér stað ákveðin kúvending í Bandaríkjunum og hófst hann handa eftir heimkomuna frá Bandaríkjunum 1950 að stúdera Kóraninn ennfrekar og finna leiðir til að innleiða ákvæði trúarinnar í stjórnkerfi Egypta.

Það var róstersamt í egypskum stjórnámum um þessar mundir þar sem konungsveldið sem Bretar höfðu innleitt var að líða undir lok og árið 1952 var bylting þar sem konungsfjölskyldunni var steyppt af stóli. Það voru hinir svokölluð Frjálsu Foringjar hersins (Free Officers) sem leiddu byltinguna (og innleiddu það kerfi sem var steyppt af stóli nú í febrúar). Egyptaland varð að

---

<sup>4</sup> John Calvert hefur skrifað frábæra hugmynda-og ævisögu Qutb sem ber heitið *Sayyid Qutb and the Origins of Radical Islamism* (New York: Columbia University Press, 2010).

lýðveldi og Gamal Abdel Nasser varð fljótlega forseti landsins. Eins og þá var títt meðal stjórnámamanna við um Asíu og Afríku var Nasser ekki mjög upptekin af trúmálum og taldi að trúin, þ.e. íslam ætti ekkert erindi í stjórnámál. Það var við þessar nýju pólitísku kringumstæður þar sem Qutb fór að taka til sín.

Qutb hóf að skrifa mánaðarlegan pistil árið 1952 í tímaritinu *al-Muslimun* en þessir pistlar voru ritskýringar (*tafsir*) hans á Kóraninum sem seinna mynduðu uppistöðuna í verki hans *fi zilal al qur'an* (í skugga kóransins). Hann vildi ekki fara hina hefðbunda leið í ritskýringum sínum og sagði beinlínis að hann vildi ekki láta ritskýringarhefðina íþyngja sér. Frekar vildi hann sýna fram á stjórnámalaþöskun Kóransins og að hann ætti erindi við nútímavandamál og aðstæður. Hann segir í inngangnum að “Ég vil ekki vera bundin niðri málfræðilegum, setningarfræðilegum, eða lagalegum atriði Kóransins heldur finna anda Kóransins.”<sup>5</sup> Þessi “andi” er svarið við öllum vandamálum samtímans. Egypskt samfélag ætti að lifa undir skugga kóransins.<sup>6</sup>

Pistlanir vöktu mikla athygli, kannski einum of mikla athygli, því að egypsk stjórnvöld ákvaðu að hneppa Qutb og aðra leiðtoga bræðralagsins í fangelsi þar sem hann mátti dúsa næstu tíu árin. Qutb var talinn of mikil ógn fyrir egypsk stjórnvöld. Hann notaði tímann sinn vel í fangelsinu og hélt áfram

<sup>5</sup> Sayyid Qutb, *Fi zilal al-qur'an, al juz al-awwal* (Al-Qahira: Al-Maktab, 1956), bls. 6.

<sup>6</sup> Á íslensku hefur skuggi oft neikvæða merkinga, sbr. einhver sé skuggalegur. En í Egyptalandi, í þessu eyðumerkursamfélagi, hefur skuggi jákvæða merkingu enda skýlir skugginn ógnarmátt sólarinnar. Skuggi táknar því vernd og heldur verndarhendi yfir þér.

að skrifa – bæði ritskýringar sínar en einnig hið mikilvæga rit *ma' alim fi al tariq* (Leiðarljós).

Í fangelsinu hóf hann að breyta um áherslur í skrifum sínum og hann varð róttækari og upptekin af því undirbúa byltingu sem gæti komið á stórfeldum samfélagslegum breytingum. Í staðinn fyrir að líta á Íslam sem leiðina til að ná fram félagslegu réttlæti taldi hann augljóst að trúin væri lykilinn að póltísku réttlæti og réttlætingu af trú (sola fidei).

Það sem er merkilegast, frumlegast, og áhrifamest í þessum skrifum Qutb í þessu sambandi varðandi réttlætingu er hvernig hann endurskilgreinir hugtakið “*jahilliyah*”. Endurtúlkun Qutb á þessu hugtaki er væntalega mikilvægasta framlag íslam á tuttugustu öld (kannski í sömu deild og “*vilayet-e faqih*” hjá Khomeini).

Hjá Qutb er *jahilliyah* ekki tímabil heldur ástand. Þetta ástand, en andheiti þess er íslam, er spilling, efnishyggja, og nautnahyggja. Nú er það svo komið hjá múslimum að þeir búa allir í *jahilliyah* ástandi vegna þess að vestræn menning og áhrif tröllríður öllu. Í *jahilliyah* tilbiðja einstaklingar aðra einstaklinga, en ekki Guð, vegna þess að þeir fylgja ekki lengur lögum Guðs (sjaría) heldur mannana lög. Þessa vegna er *jahilliyah* samfélög ekki guði þóknanleg. Stjórnámálamenn *jahilliyah* hafa tekið fullveldi þjóðarinnar í eigin hendur, en fullveldið á að liggja hjá Guð. Þeir stjórnámálamenn sem líta á sig sem fulltrúa þjóðarinnar og sækja umboð sitt frá fólkinu eru trúleysingjar, þar sem þar halda upp *jahilliyah*, vantrú,

og þar sem þeir ætluðust til að þjóðin fylgdi sér. Þar af leiðandi voru þeir að gera tilkall til að fólk sýni þeim undirgefni (þ.e. islam). En eins og Qutb bendir á, er islam eingyðistrú og einungis er hægt að sýna guði undirgefni (íslam).

Skaparinn gefið okkur hluta af sjálfum sér, þ.e. sitt Orð (Kóraninn), til leiðbeiningar. Að mati Qutb er Kóraninn frumheimildin (*al-nab al-awwal*) um hvernig eigi að skipuleggja bæði praktísk og andleg málefni þjóðarinnar.<sup>7</sup> Grundvallaratriði trúarinnar hafa ekki breyst né hafa þau þróast í gegnum tímans rás. Nei þau eru “stöðug” (*thabit*) óháð stað og stund. Í islam birtist alheimssannleikur sem ákvarðar mannlegt eðli og tilveruna.<sup>8</sup> Þar af leiðandi er sá einstaklingur sem haldinn er réttri trú, hinn “fullkomni maður” (*insan kamil*), þar sem hugsanir hans og gjörðir eru í skugga Guðs. Qutb leggur ríka áherslu á það að það eigi ekki að einskorða trúinna við helgihald og trúarlegar “tilfinningar”. Hann kallar það “amerískan íslam”. Þvert á móti sá sem “skilur hvað trúin sé” takmarkar ekki mátt hennar. Trúin nær yfir öll við svið þessa heims sérstaklega stjórnsmál og stjórnskipun. Og þar á skuggi Guðs að hylma yfir okkur í gegnum Kóraninn. Qutb spyr lesandann, “hver veit meira, þú eða Guð?”<sup>9</sup>

Qutb gerir fyllilega ráð fyrir því að við einstaklingarnir getum fyllilega skilið Guð og hvað Guð ætlast. Qutb gerði lítið fyrir heimspekilegar vangaveltur og deilur innan trúarinnar og hvernig sé hægt að greina rétt frá röngu og vera

<sup>7</sup> Qutb, *Ma'alim fi al-tariq* (al-qahira: Dar al-shuruq, 1992 (15. útg)), bls. 17.

<sup>8</sup> *Ma'alim fi al-tariq*, bls. 108-12

<sup>9</sup> *Ma'alim fi al-tariq*, bls. 104.

viss um hvað sé raunverulegur vilji Guðs. Hann vildi ekki koma með flókna heimspeki heldur praktíska lausn – hvernig eigi að innleiða trúna við hversdagsaðstæður. Heimurinn er í sífelldri sköpun, Skaparinn er sífellt að skapa – allar afleiðingar eiga eina orsök og einn uppruna, þ.e. Guð. Þar sem sköpunin er sífelld þurfum við einstaklingarnir að vera verkfæri Guðs. En hinn fullkomni Guð er sífellt að athuga viljastyrk okkar. Ef við eigum erfitt uppdráttar er það vegna þess að við höfum ekki verið að vinna verk Guðs. Þar af leiðandi, sagði Qutb, verðum við taka hendur saman og sameiginlega ná fram vilja Guðs og koma á stofnanir og ríkisstjórn sem sem eru Guði þóknanlegar. Þannig náum við, hinir sannir Múslimar, einingu við Guð. Þegar við náum því stigi mun óhjákvæmlega samfélagið taka á sig sömu mynd. Þá mun ríkja *hukm*, eða vilji Guðs.

Þessir “sannir múslimar”, eða “fullkomni maður” (*insan kamil*) verða að mynda einskonar framvarðasveit (*talia*) byltingarinnar sem Qutb leggur áherslu á að nauðsynlegt er að koma á. Þeir verða að einangra sig frá freistungum veraldarinnar, sérstaklega frá freistingum *jahilliyah*. Þessi hópur eru hinir einu sönnu Múslimar í heiminum –eyja réttlætisins í hafi vantrúar. Og það er ekki nóg að prédika.<sup>10</sup> Til að ná þessum breytingum fram þarf *jihad* – baráttu. Jihad er bæði tæki og tól en er líka hreinsandi fyrir sálina (sbr. Franz Fanon). Í gegnum

---

<sup>10</sup> Qutb, *Ma´alim fi al tariq*, bls. 67-8.

vopnaða baráttu og byltingu mun þessi framvarðasveit ná að koma á *hukm* og binda endi á *jahilliyah*.

Þessi áhersla á jahilliyah og á hlutverk framvarðasveitarinnar að binda enda á jahilliyah og stjórna svo í umboði Guðs gengur þvert á klassískar hugmyndir íslam um Guð og stjórnámál. Kóraninn leggur mjög ríka áherslu á það að Guð einn er dómari. Íslam leggur mikið úr eingyðishugtakinu og að ekkert sé til sem sé jafnhátt guði. En með að skilgreina okkar tíma sem jahilliyah nær Qutb að réttlæta ofbeldisfullar aðgerðir sínar. Þessi hugmynd hefur mótað langflesta íslamista allar götur síðan.

Íslamistar sækjast eftir því að vera virkir og að beita sér í stjórnámálum þessa heims. Þeir réttlæta stjórnmalastörf sín út frá túlkun þeirra á trúnni. En í framsetningu þeirra er túlkun þeirra, að þeirra mati, *ekki* túlkun á trúarlegum gildum heldur staðreynd og þar af leiðandi eina leiðin. Í þessu liggur vandinn. Þessi túlkun er oftúlkun, og auðvitað bara þeirra túlkun á íslam, sem gengur að mörgu leyti þvert á grundvallarhugmyndir trúarinnar sem boðar samfélag þar sem allir búa í sátt og samlyndi. En leið íslamista og Qutb krefst fórnar og fórnarlömbin í flestum tilfellum eru aðrir Múslimar.

Í öllum sínum skrifum leggur Qutb áherslu á að Múslimar séu fórnarlömb ekki síst fórnarlömb heimsvaldastefnunnar. Vesturlöndin beiti lúmskum og djöfullegum aðferðum til að ná taki á múslimum svo að þeir gleymi í raun hver sé tilgangur lífsins. Qutb sér samsæri allsstaðar sem kannski er að einhverju leyti



skiljanlegt þar sem Egyptar höfðu lítið sem ekkert vald til að taka meiriháttar ákvarðanir um velferð eigin þjóðar. Þeir sem andmæla honum, segir hann, eru einungis blindir af samsærinu - svo gegnsýrðir af *jahilliyah* að þeir ná ekki lengur að greina rétt frá röngu. Þetta á sérstaklega við aðra Músliama en hann telur að slíkar gagnrýnisraddir séu einungis strengjabrúður vesturins.

Frjálslyndir múslimskir guðfræðingar, hinsvegar, hafa verið ötullir að gagnrýna heimsmynd Qutb. Þetta eru guðfræðingar á borð við Tariq Ramadan, Khaled Abou El Fadl, Amina Wadud, Farid Esack, og Omid Safi.<sup>11</sup> Hin áhrifamikla gervihnattarsjónvarpsstöð *al-Jazeera* hefur einnig verið dugleg að fjalla um frjálslyndari túlkun á trúnni og sýnt fram á hvernig múslimar geta lifað í sátt og samlyndi við nútímann án þess endilega að hafna trúnni. Við hér á Íslandi erum kannski ekki svo meðvituð um þessa umræðu meðal múslima. En þessar frjálslyndu raddir eru háværar og umtalsverðar en eru ekki fréttæmar eins og raddir og aðgerðir íslamistanna. En uppgangur íslamistanna hefur ekki verið mikill undanfarin ár. Nýleg skjöl, sem Bandaríkin fengu úr húsi Bin Laden þegar þeir réðu hann af dögum, sýna að á síðustu mánuðum sínum var Bin Laden mjög óhress með hversu lítið fylgi al-qaeda hafði meðal múslima. Hann var til dæmis að hugsa um að breyta um nafn á samtökunum í þeirri von að ný

---

<sup>11</sup> Velflestir skrif þessara aðila eru til á ensku eða öðrum vestrænum tungumálum og eru margir þeirra búsettir á vesturlöndum og starf við háskólastofnanir í vestur Evrópu eða norður Ameríku. Sjá til dæmis Omid Safi (ritstj.) *Progressive Muslims* (Oxford: Oneworld, 2003), Seyyed Hossein Nasr, *Islam in the Modern World* (New York: Harper, 2010), og Tariq Ramadan *Western Muslims and the Future of Islam* (Oxford: Oxford University Press, 2004).

markaðsetning gæti glætt fylgi hreyfingarinnar. En þessi samtök hafa til dæmis verið algjörlega á hliðarlínunni í atburðunum nú í vor til dæmis í Túnis og í Egyptalandi. Það er hugsanlegt að þeir eigi innkomu til dæmis í Egyptalandi og ekki ólíklegt að Bræðralag Múslima fái kannski um 20-25% fylgi í frjálsum kosningum þar. En alls ekki meirihluti fyrir þessu viðhorfi.

Hugmyndir Qutb ganga út frá því að stilla upp einfalda svart-hvíta heimsmynd, hið góða og hið illa. Það er sjálfgefið hvar Qutb lítur á Vesturlöndin og vestræna menningu í því sambandi. Guðfræði hans er takmarkandi því hún setur takmörk á valmöguleika einstaklingsins og gerir uppá milli einstaklinga. Qutb fjallar mikið um réttlætingu og sola fidei (þó ekki í lúterskum skilningi þess orðs), þ.e. réttlæting af trú. En hjá Qutb finnst slík trú einungis hjá nokkrum útvöldum. Það eiga ekki allir möguleika á sola fidei sem er nátturlega alveg í mótsögn við eina helstu hugmynd Íslam – þ.e. að við erum öll jafnrétthá gagnvart Guði enda erum við öll syndgarar. Þannig takmarkar Qutb vald Guðs og hlutverk Guðs í þessum heimi. Að lokum þrengir hún hina pólitísku umræðu þar sem færri möguleikar eru athugaðir og skoðaðir til að meta hvaða leiðir eru farsælstar til að leysa vandamál nútímans.

Það er því nauðsynlegt að vera á varðbergi fyrir áhrifum Qutb og hvernig þær birtast meðal múslima í dag. Það þarf sannarlega að vekja athygli á því hvað liggur á bakvið þessar hugmyndir og gagnrýna það sem er gagnrýnisvert. Á sama tíma þarf að gera það vandlega og gæta orðavalið til að ná árangri. Því

miður hefur umræðan bæði hér á Íslandi, á Norðurlöndunum og í Vestur Evrópu svo ég tali nú ekki um Bandaríkin verið óheppileg þar sem alhæfingar hafa verið algleymingi. Þessi orðræða berst í eyru Múslima og hún er bæði ögrandi og móðgandi.

Þetta er að mínu mati krefjandi ákall fyrir guðfræðinga og aðra fræðimenn þegar þeir feta sig eftir brautinni í þjóðmálaumræðunni. Þessi braut er torveld og þyrnum stráð. En það er nauðsynlegt að vera virkir og upplýstir þátttakendur. Ef farið er út í umræðuna verður þá að gera það á ábyrgan hátt. Þess vegna tel ég heppilegast að gagnrýna hugmyndafræði íslamista út frá guðfræði íslam – þ.e. að nota hefðina til að gagnrýna ákveðna þróun eða túlkun innan hefðarinnar. Slíkt er, að mínu mati, líklegast til árangurs og gefur betri mynd af þeim möguleikum sem til eru í stöðunni. Sigurbjörn Einarsson fór einmitt þessa leið í umfjöllun hans um nasismann.

Það er von mín að þessi stofnun sem heitir í höfuðið á Sigurbirni Einarssyni og sem leitast við að skapa vettvang fyrir umræður um trúarbrögð, umburðarlyndi og sáttargjörð haldi uppi abyrgri umræðu um trúmál í víðasta skilnigi þess orðs. Sigurbjörn hóf bók sína um Kirkju Kristis í Ríki Hitlers á “*Vér lifum á örlagatímum*”. Við getum svo sannarlega tekið undir að það eigi ennþá við. En ein af lokaorðum þeirrar bókar eiga líka við þar sem hann sagði að nasisminn væri ógæfa þjóðverja en ekki sök. Það sama má segja um íslamista – þeir eru ógæfa múslima en ekki sök. Uppgangur íslamista er óheppileg og hættuleg

Þróun með Múslima en sem betur fer er þetta ekki fyrirbæri sem tengist kjarna trúarinnar heldur ný og róttæk túlkun. Það er okkar ógæfa að þessi túlkun hefur gert innreið sína víða. En gæfa okkar liggur í því að vera upplýst og meðvituð og með meiri þekkingu og ábyrga umfjöllun getum við haldið í vonina um batnandi heim þar sem ólík trúarbrögð búa í sátt og samlyndi.